

4/2012

## ÚRSKURÐUR.

Ár 2012, þriðjudaginn 11. apríl var tekin tekin til úrskurðar kæra Handknattsleiksdeildar Aftureldingar til Dómstóls HSÍ.

Kæra var send með tölvupósti á skrifstofu HSÍ þann 10. apríl s.l. Hún var svohljóðandi:

*„Handknattleiksdeild Aftureldingar kt. 460974-0119 (hér eftir Afturelding) kærir niðurstöðu skrifstofu Handknattleikssambands Íslands kt. 590169-4049 (hér eftir HSÍ) sem Afturelding fékk senda í tölvupósti dags. 29. mars 2012, þar segir að ÍBV sé deildarmeistari í 2. fl. karla 2 deild (hér eftir 2.fl. kk). Afturelding telur HSÍ vera að brjóta með þessari niðurstöðu 32. gr. laga HSÍ um handknattleiksmót. Afturelding fer fram á að 2.fl. kk hjá Aftureldingu verði úrskurðaðir deildarmeistarar árið 2012.“*

---

Í lögum Handknattleikssambands Íslands er í 36. gr. fjallað um hvernig haga skuli gerð kæru til Dómstóls HSÍ. Þar er í 9 liðum talin upp þau atriði sem koma eiga fram í kærinni. Má þar m.a. nefna nafn og skilríki kæranda og hins kærða auk þess sem sérstaklega er nefnt að í kærinni skuli koma fram greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar fyrir dómi og helstu röksemdafærslur kæranda.

Ofangreindri kæru Handknattleiksdeildar Aftureldingar er beint til Dómstóls HSÍ án þess að nokkur gagnaðili sé nefndur. Engar kröfur eru settar fram í kærinni en svo virðist sem verið sé að óska eftir álit og / eða túlkun dómstólsins á 32. gr. reglugerðar um handknattleiksmót. Ranglega er vísað til 32. gr. laga HSÍ í kæru.

Í kæru er vísað til afgreiðslu skrifstofu HSÍ þann 29. mars 2012. Sé ætlunin hjá kæranda að kæra þá afgreiðslu er kærufrestur liðinn enda 12 dagar liðnir frá því atviki. Hvergi er rökstutt í kæru á hvaða forsendum taka eigi kærana til afgreiðslu löngu eftir að kærufrestur 3. mgr. 35. gr. laga HSÍ er liðinn.

Kæran sem er til umfjöllunar fullnægir ekki þeim skilyrðum sem sett eru í ofangreindri 36. gr. laga HSÍ og er því ekki dómtæk. Málinu ber því að vísa frá Dómstól HSÍ sbr. ákvæði 2. mgr. 37. gr. laga HSÍ.

## ÚRSKURÐARORÐ:

Kæru Handknattleiksdeildar Aftureldingar er vísað frá Dómstól HSÍ.

Úrskurðinn kvað upp Hulda Rós Rúriksdóttir formaður Dómstóls HSÍ.

